

Míluopapeysa

Mílupeysan er prjónuð neðan frá og upp. Byrjað er að prjóna bol og ermar í hring, svo þegar það er komið að handveg er bolurinn og ermarnar sameinaðar á einn prjón og axlarstykkið prjónað í hring með munstri. Umferðin á bol og axlastykki byrjar aftan á, á vinstri öxl, en fyrir ermar byrjar umferðin undir höndum.

Stærðir

Uppskriftin kemur í 4 stærðum

Stærðir: S (M) L (XL)

Yfirvidd: 89 (98) 107 (115)

Dömu- Lengd á bol frá handvegi: 38 (40) 42 (44)

Herra- Lengd á bol frá handvegi: 41 (43) 45 (47)

Garn og prjónafesta

Uppskriftin er gefin úr fyrir léttlopa, en hægt er að nota annað garn sem er með sömu prjónafestu og léttlopi. Prjónafestan er 18l og 24 umferðir fyrir 10x10 cm á prjóna nr. 4½.

Í þessa uppskrift þarf:

Litur A: 7 (7) 8 (9) í aðallit (1418 Spónn)

Litur B: 2 (2) 3 (3) í munsturslit 1 (1405 Flöskugrænn)

Litur C: 1 (2) 2 (2) í munsturslit 2 (1703 Gulmura)

Hægt er að nota annað garn í staðinn fyrir léttlopa fyrir þá sem þola hann ekki, passa þarf þá upp á prjónafestuna og metrafjöldann per dokku.

Prjónar

Hringprjóna nr 3½ (40 og 80cm) og nr 4½ (40 og 80 cm).

Sokkaprjónar nr 3½ og 4½ (eða langan hringprjón fyrir magic loop aðferðina)

Skammstafanir

Sl: Slétt

Br: brugðið

L: lykkja

Uppskrift

Bolur

Byrjað er að fitja upp á 160 (176) 192 (208) L með lit B á hringprjón nr 3 ½. Tengið í hring og prjónið stroff: *1 L sl, 1L br * 4 cm. Skiptið yfir á stærri prjón, nr 4 ½ og prjónið munstur 1A. Þegar munstri lýkur prjónið slétt með lit A þangað til bolur mælist

Dömu: 38 (40) 42 (44) cm,

Herra: 41 (43) 45 (47) cm.

Prjónið ekki síðustu 5 (6) 7 (8) lykkjurnar. Geymið bol og prjónið ermar.

Ermar

Byrjað er að fitja upp á 40 (42) 44 (46) l með lit B á sokkaprjóna 3 ½. Tengið í hring og prjónið stroff: *1 L sl, 1L br * 4 cm. Skiptið yfir á prjóna 4 ½ og aukið út 2 (0) 4 (2) l jafnt yfir umferðina, þá erum við með 42 (42) 48 (48) l. Prjónið munstur 1B. Þegar munstri lýkur er prjónað áfram með lit A, en jafnframt er aukið út um 2 lykkjur svona:

Prjónið 1 L sl, Aukið út til hægri, prjónið þangað til 1 L er eftir af umferðinni, aukið út til vinstri, prjónið 1 L sl.

Þá höfum við aukið út um 2 lykkjur. Endurtakið þetta svo fyrir

Dömu: 9. (9.) 8. (8.) hverri umferð alls 9 (10) 11 (12) sinnum þannig að við endum með 60 (64) 68 (72) l. Prjónið þar til ermi mælist 46 (47) 48 (49) cm.

Herra: 7. (7.) 6. (6.) hverri umferð alls 14 (14) 16 (16) sinnum þannig að lykkjur verða 68 (72) 76 (80). Prjónið þar til ermi mælist 50 (51) 52 (53) cm.

Þegar rétttri lengd hefur verið náð skal setja 10 (12) 14 (16) L undir hendi á band eða nælu. Þ.a.

Dömu: 50 (54) 58 (62) L,

Herra: 58 (62) 66 (70) L.

Prjónið seinni ermina eins.

Axlastykki

Setjið síðustu 5 (6) 7 (8) L og fyrstu 5 (6) 7 (8) af bol á aukaband eða nælu. Prjónið fyrri ermina við. Prjónið svo 70 (76) 82 (88) L af bol (framstykki), setjið svo næstu 10 (12) 14 (16) L á aukaband eða nælu. Prjónið seinni ermina við, prjónið svo 70 (76) 82 (88) L af bol (bakstykki). Nú ætti lykkjufjöldinn að vera

Dömu: 240 (256) 272 (288) L

Herra: 256 (272) 288 (304) L

Umferð byrjar aftan á vinstri öxlinni. Prjónið nú munstur 2 og takið út eins og sýnt er á teikningunni. Þegar munstri lýkur eiga að vera

Dömu: 90 (96) 102 (108) L

Herra: 96 (102) 108 (114) L

Háslíning

Skiptið yfir á prjóna $3\frac{1}{2}$ og prjónið 1 umf slétt með lit B og takið út

Dömu: 18 (22) 26 (30) L, þannig eftir verða 72 (74) 76 (78) L

Herra: 22 (26) 30 (34) L, þannig eftir verða 74 (76) 78 (80) L

Prjónið stroff *1 L sl, 1L br * 10 cm. Fellið laust af.

Frágangur

Lykkjið saman undir höndum. Brjótið háslíninguna til helminga inn að röngu og saumið niður. Gangið frá endum. Skolið úr peysunni og leggið vandlega til þerris í rétt mál.

Munstursteikningar

Litir




Ístex Léttlopi 1703 - Mimosa


Ístex Léttlopi 1418 - Straw

Ístex Léttlopi 1405 - Bottle Green

Munstur 1A - bolur



Munstur 1B - ermar



Munstur 2

